Morgunblaðið

MENNING
LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 12. JANÚAR 1991 BLAÐ B









„Varanlegar menjar", hluti. Blönduð tækni.

Það verður að vera viss uppreisn í manni

– segir Arngunnur Ýr Gylfadóttir sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í dag

Í FRÆGU ljóði yrkir William Blake til sjúkrar rósar, og vera kann að fólki sem leggur leið sína á Kjarvalsstaði á næstunni finnist sem rósin sú sé komin þar upp á vegg. Í dag opnar myndlistarkonan Arngunnur Ýr Gylfadóttir einkasýningu; og ekki bara á máluðum rósum, heldur einnig sölnuðum, og ýmsu fleiru; marmara, röntgenmyndum, hári, holskurðum, trékössum með ljósi, purpurarauðum og grænum litum, svo eitthvað sé nefnt. Þetta er þriðja einkasýning Arngunnar á Íslandi, áður sýndi hún í Nýlistasafninu 1987, og listsalnum Nýhöfn 1989, og auk þess hefur hún tekið þátt í samsýningum í Evrópu og San Fransisco; þar sem hún býr og starfar.

Arngunnur Ýr nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1982 til 1984, hélt þá til San Francisco og lauk þaðan prófi úr málaradeild 1986. Síðan hefur hún málað af kappi ytra og sýnt á milli, auk þess sem hún dvaldist í Amsterdam síðastliðinn vetur. „San Francisco á orðið mikið í mér, það fann ég þegar ég kom aftur þangað frá Hollandi. Þetta er yndælisstaður, og mér finnst ég vinna mjög vel þar. Svo er veðrið líka alltaf svo gott, sumarið stóð alveg fram í miðjan desember!" segir Arngunnur Ýr og hlær. „Sjálfsagt verð ég þar næstu misserin, en annars ákveð ég bara þegar að því kemur hvort það verði til frambúðar.

Í fyrra langaði mig að skipta um umhverfi, fór til Amsterdam, og áttaði mig þar á því að þetta var í raun afskaplega lítil breyting. Hlutirnir eru svo keimlíkir á Vesturlöndum. Held að næst þegar ég ætla

SJÁ NÆSTU SÍÐU